



9. fundur stjórnar LH 2024-2026
26. janúar 2025 kl. 20:00
Fjarfundur

Mætt úr aðalstjórn: Linda Gunnlaugsdóttir, Ólafur Gunnarsson, Sóley Margeirsdóttir, Ólafur Þórisson, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Unnur Rún Sigurpálsdóttir,

Mætt úr varastjórn: Sigurbjörn Eiríksson, Hilmar Guðmannsson, Jón Þorberg Steindórsson, Ragnhildur Gísladóttir og Reynir Atli Jónsson.

Forföll boðaði: Sveinn Heiðar Jóhannesson.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

2. Staða verkefna hjá formanni og framkvæmdastjóra

- Susan Ulbæk formaður Íslandshestasambandsins í Danmörku (DI) hefur sagt sig frá formennsku í félaginu. Nýr formaður í Danmörku er Dorte Præstholm Schneider.
- Aðalfundur FEIF er á þriðjudag á fjarfundi, formaður LH fer með atkvæði Íslands, Friðrik Már Sigurðsson situr fundinn f.h. BÍ.
- Íslensk stúlka á Spáni sem er að stíga sín fyrstu skref í keppni í dressúr óskaði eftir liðs-inni LH til að fá keppnisleyfi á Spáni. Stúlkan hefur keppt í hestaíþróttum á Íslandi og óskað var eftir staðfestingu á grunnfærni í hestamennsku, sem framkvæmdastjóri LH staðfesti.
- Nefndir eru flestar komnar að stað, allar greinargerðir komnar til nefnda og nefndafólk beðið um að veita heimild til upplýsingaöflungar úr sakaskrá. Flestar nefndir hafa nú þegar fundað eða eru búnar að boða til fundar.
- Landsliðsnefnd fundar vikulega og mikill kraftur í nefndinni. Stefnt er á að halda Allra sterkustu í apríl. Ekki verður hægt að halda mótið í nýju Sörlahöllinni þar sem opnun hennar seinkar fram í maí.
- Reiðvega- og samgöngunefnd hefur fengið staðfest að 100 milljónir kr. eru til úthlutunar á árinu 2025 til reiðvegaframkvæmda.

3. Verkefnalisti stjórnar

- Nánast allar nefndir eru fullmannaðar.
- Starfshópur um hestaíþróttir fatlaðra er í mótun, undir formennsku Hákonsonar, í hópnum verða fulltrúar frá félögum á höfuðborgarsvæðinu.
- Boðað hefur verið til stjórnarfundar og hlutahafafundar í LM ehf. fundar í næstu viku og munu stjórnarskipti fara fram.
- Skrifstofa tók saman minnisblað fyrir mótshaldara landsmóts 2026 um hvar væri hægt að sækja opinbera styrki. Skipa þarf fulltrúa LH í framkvæmdanefnd LM 2026 og lagt er til að Hjörtur Bergstað verði sá fulltrúi.

Afgreiðsla: Samþykkt.

- Starfshópur um skilgreiningu á hugtakinu gæðingur. Lagt er til að Sóley Margeirsdóttir og Jón Þorberg verði fulltrúar stjórnar í hópnum, ásamt einum aðila til viðbótar.



- 22. febrúar nk. er fyrsta mót í Áhugamannadeild Norðurlands á Akureyri, stefnt er á að halda fyrsta fund stjórnar í fundarferð stjórnar um landið í tengslum við mótið. Linda, Sigurbjörn, Unnur og Reynir, mæta á fundinn f.h. stjórnar.
- Ný vefsíða LH – stefnt er á að birta nýja síðu í lok apríl.

4. Aðalfundur FEIF

Farið yfir tillögur sem liggja fyrir aðalfund FEIF og álit keppnisnefndar LH á breytingartillögum við keppnisreglur.

5. Framboð til framkvæmdastjórnar ÍSí

Íþróttáþing verður haldið 16. og 17. maí í Reykjavík. Tilkynningar um framboð skulu berast kjörnefnd eigi síðar en 3 vikum fyrir Íþróttáþing, eða fyrir 25. apríl. Til að tilkynning um að framboð teljist löglegt skal eitt ólympískt sérsamband og eitt héraðssamband eða íþróttabandalag hafa lýst yfir stuðningi við það. Framkvæmdastjórn ÍSí er skipuð 14 meðstjórnendum. Kosning skal fara þannig fram að kjörtímabil er fjögur ár og skal helmingur meðstjórnenda kjörinn á hverju Íþróttáþingi.

LH á 4 fulltrúa á þinginu.

Afgreiðsla: Samþykkt að finna aðila úr hestaíþróttum í framboð. Skrifstofu falið að skoða skiptingu atkvæða eftir aðildarsamböndum.

6. Youth Camp 2025

Youth Camp verður haldið á Hvanneyri 9. til 14. júlí. Drög að dagskrá og fjárhagsáætlun liggja fyrir. Skoða þarf hvort LH þurfi viðburðatryggingu.

Afgreiðsla: Til kynningar. Æskulýðsnefnd falið að vinna áfram að undirbúningi.

7. Sigurvilji – heimildamynd um Sigurbjörn Bárðarson

Boð á frumsýningu verður send út í vikunni. Boðslisti LH liggur fyrir.

8. Vægi æfinga í Gæðingalist – tillaga Faghóps um Gæðingalist

Tillögur Faghóps í Gæðingalist að breytti vægi æfinga liggja fyrir. Vægi á flestum æfingum hefur verið lækkað, munur á vægi æfinga var minnkaður og bilið á erfiðleikastuðlum þrengt frá því sem áður var og á 1. stigi Gæðingalistar hafa allar æfingar jafnt vægi eða 1,0.

Afgreiðsla: Samþykkt.

Fundi slitið kl. 22.25